

NATRÍUMKLÓRATVERKSMIÐJA KEMÍRA Á BAKKA VIÐ HÚSAVÍK, NORÐURÞINGI

Ákvörðun um matsskyldu

NIÐURSTAÐA

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að framleiðsla á natríumklórati og vetni á Bakka við Húsavík, Norðurþingi, sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Eflu f.h. Kemira við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð Eflu vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að natríumklóratverksmiðja Kemira á Bakka við Húsavík sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun bendir á að þó svo að nú liggi fyrir ákvörðun stofnunarinnar um matsskyldu þá sé framundan umfangsmikið samráð og undirbúningur áður en unnt er að hefjast handa við að reisa natríumklóratverksmiðju. Í því sambandi bendir Skipulagsstofnun á að fyrirtækið þarf að hafa samráð við Vinnueftirlit ríkisins og Mannvirkjastofnun og fá úr því skorið hvort starfsemin falli undir reglugerð nr. 160/2007 um varnir gegn hættu á stórslysum af völdum hættulegra efna. En í reglugerðinni eru tilgreind mörk fyrir magn efna með tilliti til þess hvort þau falli undir ákvæði um áætlun um stórslysavarnir og öryggisstjórnunarkerfi eða aðeins öryggisskýrslu. Að sama skapi telur Skipulagsstofnun brýnt að fyrirtækið hafi samráð við slökkvilið svæðisins og gangi úr skugga um að séð verði til þess að fullnægjandi slökkvibúnaður sé til staðar. Þess utan þarf að taka mið af brunahönnun með áhættugreiningu líkt og fram kemur í umsögn Mannvirkjastofnunar.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Norðurþings skv. 13. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 123/2010 m.s.b. og starfsleyfi Umhverfisstofnunar skv. reglugerð um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun nr. 785/1999. Áður en framkvæmdaleyfi er veitt þarf að liggja fyrir samþykkt deiliskipulag fyrir svæðið. Deiliskipulagið er háð lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Kemira og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 24. október 2011.

INNGANGUR

Pann 1. júl 2011 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Eflu verkfræðistofu hf. fyrir hönd Kemira, Finnlandi, um natríumklóratverksmiðju á Bakka við Húsavík samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 6 a í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Norðurþings, Fornleifaverndar ríkisins, Hafrannsóknastofnunarinnar, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra, Mannvirkjastofnunar, Umhverfisstofnunar og Vinnueftirlitsins.

Umsagnir bárust frá Norðurþingi með bréfi dags. 27. júní 2011, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 16. júní 2011, Hafrannsóknastofnuninni með bréfi dags. 11. júlí og 9. september 2011, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra með bréfi dags. 12. júlí 2011, Mannvirkjastofnun með bréfi dags. 28. júní 2011, Umhverfisstofnun með bréfi dags. 5. júlí 2011 og 23. ágúst og Vinnueftirlitinu með bréfi dags. 23. júní 2011. Frekari upplýsingar bárust frá Eflu með bréfi dags. 18. ágúst 2011 og tölvupósti dags. 12. september 2011.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARADILA

Fyrirhuguð framkvæmd. Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að Kemira, sem hefur aðalstöðvar í Helsinki í Finnlandi, áformi að reisa natríumklóratverksmiðju á fyrirhuguðu athafnasvæði á Bakka við Húsavík. Fyrirhugað sé að árleg framleiðslugeta verði 60.000 tonn natríumklórati (NaClO_3) og 3.300 tonn af vetnigasi (H_2) sem hliðarafurð. Gert sé ráð fyrir 50.000 m² byggingalóð og byggingarnar verði flestar á bilinu 13 – 15 metra háar en hæstu hlutar 22 – 24 metrar. Natríumklórat sé framleitt með rafgreiningu mettaðrar saltlausnar. Framleiðsluferlið sé samfelt og samanstandi af sex framleiðslustigum; framleiðslu saltlausnar, hreinsun saltlausnar, rafgreiningu, kristöllum, þurrkun og geymslu. Orkunotkun verksmiðjunnar samsvari um 41,5 MW. Verksmiðjan verði byggð samkvæmt bestu fánlegu tækni (BAT) þar sem lögð sé áhersla á nýtingu vetnis (hliðarafurðar), nýtingu umfram varmaorku, vinnslu í lokaðri hringrás, að lágmarka orkunotkun og losun í andrúmsloft, yfirborðs- og grunnvatn og að takmarka myndun hættulegs úrgangs.

Áhrif á núverandi landnotkun. Fram kemur að framkvæmdin sé fyrirhuguð á rúmlega 200 ha óbyggðu iðnaðarsvæði á Bakka norðan Húsavíkur. Lóðarþörf Kemira sé um 5 ha en ekki liggi fyrir staðsetning innan iðnaðarsvæðisins.

Áhrif á loftgæði. Fram kemur að gert sé ráð fyrir að um 3.300 tonn af vetnigasi verði framleitt í verksmiðjunni árlega sem hægt sé að nýta sem eldsneyti eð sem hráefni í aðra framleiðslu og koma á innanlandsmarkað ef kaupandi finnist. Búast megi við að á bilinu 0 – 10% af vetnigasinu verði losað í andrúmsloftið árlega um neyðarútlöftun, en vetnishreinsibúnaðurinn verði hannaður með meiri afkastagetu en áætluð hámarksframleiðslugeta vetnis. Í andrúmsloftinu hvarfist vetni m.a. við súrefni og myndi vatn.

Fram kemur að klórgas verði losað með loftræstilofti og neyðarútlöftun vetnis út í andrúmsloftið. Við eðlilegar aðstæður losni um 2 ppm en ef truflun verði á búnaði geti hámarkslosun orðið allt að 10 ppm. Reynsla Kemira sé sú að truflun eigi sér stað að meðaltali einu sinni á þriggja ára fresti og viðbragðsáætlun verði tiltæk svo bregðast megi skjótt við aðstæðum ef truflun eigi sér stað í ferlinu.

Fram kemur að heitt loft verði notað til að þurrka natríumklóratkristallana og útblástursloft frá þurrkun, pökkun og geymslu natríumklórats verði hreinsað með þéttivatni frá kristöllumarferli. Hreinsað útblástursloft í verksmiðjum Kemira hafi innihaldið um 2,2 g NaClO₃ fyrir hvert tonn af framleiddu natríumklórati.

Umhverfisáhrif af útblæstri séu talin verða óveruleg.

Áhrif á gæði sjávar. Fram kemur að áætlað frárennsli frá verksmiðjunni verði um 5 m³/klst. Þar af verði um 2 m³/klst hlutleyst vatn frá jónaskiptum er innihaldi eingöngu sölt sem óhætt sé að veita til sjávar og um 3 m³/klst er innihaldi natríumklórat. Saltstyrkur í frárennsli verði ætíð undir 5 g/L.

Fram kemur að áætlað sé að sjór til kælingar verði 1.200 m³/klst sem verði í lokuðu kerfi og muni því ekki mengast af þeim efnum sem notuð séu við framleiðsluna. Frárennislögnin verði lögð á sjávarbotn um 400 metra út fyrir Bakkahöfða, út á um 10 metra dýpi og með dreifistútum sem muni tryggja jafnari hitadreifingu í sjónum en hiti kælivatnsins verði undir 35°C. Fram kemur að þynningarlíkan hafi ekki verið útbúið en vísað er til líkans fyrir aflþynnuverksmiðju Becromal á Akureyri er fjallar um losun á 1.600 m³/klst af 45°C sjó. Niðurstöður líkans fyrir Becromal voru þær að hámarkshitabreyting af völdum frárennslis yrði innan leyfilegra marka, 2°C, skv. reglugerð 798/1999 um fráveitur og skólp. Gert sé ráð fyrir að áhrif frá hitabreytingum vegna losunar kælivatns aftur til sjávar verði óveruleg.

Fastur úrgangur. Fram kemur að að fastur úrgangur sem flokkist sem spilliefni verði um 20 tonn á ári sem verði fluttur til endurvinnslu hjá viðurkenndum förgunaraðila í Finnlandi. Annar fastur úrgangur frá framleiðslunni fari til urðunar, verði um 200 tonn og innihaldi aðallega kalsíumkarbónat, magnesíumhýdroxíð og torleyst efni.

Efnaöryggi. Í greinargerð kemur fram að árleg hráefnanotkun natríumklóratverksmiðjunnar verði sem hér segir:

Matarsalt (NaCl)	32.000 tonn/ári
Vatn (H ₂ O)	30.000 tonn/ári
Saltsýra (HCl)	1.400 tonn/ári
Vetnisperoxíð (H ₂ O ₂)	100 tonn/ári
Vítissódi (NaOH)	1.400 tonn/ári
Natríumkarbónat (Na ₂ CO ₃)	170 tonn/ári
Natríumdíkrómat (Na ₂ Cr ₂ O ₇)	1,2 tonn/ári

Fram kemur að saltsýra sé m.a. notuð við sýrustigsjöfnun og hlutleysingu fráveituvatns frá framleiðslunni. Hún verði flutt með skipum til hafnar í Húsavík og þaðan í flutningabílum til verksmiðjunnar. Saltsýra verði geymd í sérstökum geymslutönkum í öryggisgryfjum. Vítissódi sé notaður til þess að fjarlægja magnesíum og þungmálma úr saltlausninni, við stjórnun sýrustigs og hlutleysingu frárennslis. Vítissódi verði fluttur með tankskipum til hafnar í Húsavík og verði dælt úr flutningaskipi í geymslutanka og þaðan í smærri tanka þar sem vítissódiinn verði þynntur. Umhverfis geymslu- og þynningartanka verði öryggisgryfjur. Vetnisperoxíð sé notað til að fjarlægja afgangshýpóklórítjónir (OCI) úr raflausn fyrir kristöllum. Notkun vetnisperoxíðs sé um 1,5 kg á hvert framleitt tonn NaClO₃. Vetnisperoxíð verði flutt til hafnar í Húsavík með flutningaskipi og dælt í geymslutank í öryggisgryfju til að koma í veg fyrir hugsanlegan leka í jarðveg. Natríumkarbónat sé notað til þess að fjarlægja óhreinindi, t.d. kalsíum, úr saltlausninni fyrir rafgreiningu. Kalsíumjónir botnfalli sem kalsíumkarbónat. Natríumdíkrómait sé bætt í raflausnina

til að lágmarka óæskileg efnahvörf, viðhalda réttu sýrustigi og draga úr tæringu stáls. Natríumdíkrómat verði flutt í vökvaformi til verksmiðjunnar með flutningaskipi. Gætt verði sérstakrar varúðar við meðhöndlum natríumdíkrómats vegna eituráhrifa sem efnið getur valdið.

Áhrif á hljóðvist. Fram kemur að gert sé ráð fyrir því að hljóðstig við húshlið verði um 58 dB(A) og hávaði af völdum verksmiðjunnar því hverfandi og innan marka reglugerðar nr. 724/2008.

Áhrif á landslag. Fram kemur að byggingarnar verði staðsettar á iðnaðarsvæði sem muni byggjast frekar upp í framtíðinni. Skipulag og útlit allra bygginga og næsta nágrennis muni verða hannað með það í huga að draga úr sjónrænum truflunum.

Áhrif á gróður og fugla. Fram kemur að í niðurstöðu frummatsskýrslu álvers Alcoa á Bakka, þar sem miðað hafi verið við notkun alls iðnaðarsvæðisins, verði áhrif á gróður og fugla staðbundin verulega neikvæð og að mestu varanleg en óveruleg ef litið er annars vegar til viðmiða um sjaldgæfni og hinsvegar gróður og fugla utan iðnaðarsvæðis. Gera megji ráð fyrir að bygging natríumklóratverksmiðju muni hafa minni áhrif á gróður og fuglalíf en áætlað hafi verið fyrir álver Alcoa, vegna mun minna umfangs.

Áhrif á menningarminjar. Fram kemur að 70 fornleifar hafi verið skráðar innan iðnaðarsvæðisins á Bakka og áður en hægt verði að hefja vinnu við framkvæmdir verksmiðjunnar þurfi að liggja fyrir samþykki Fornleifaverndar ríkisins í samræmi við 10. og 13. gr. Þjóðminjalaga.

Samræmi við skipulagsáætlanir. Fram kemur að í Aðalskipulagi Norðurlands 2010 – 2030 sé Bakki skilgreint sem iðnaðarsvæði og enn fremur að ráðgert sé að reisa hafnargarð og tilheyrandi athafnasvæði nýrrar flutningahafnar sem muni fyrst og fremst þjóna fyrirhugaðri stóriðju á Bakka. Einnig sé gert ráð fyrir að ný tengibraut liggji eftir fjöru neðan bakka um Hafnarstétt, norður fyrir Norðurhöfn að Snásugarði og síðan upp á Höfðann og að Bakka.

Fram kemur að helstu þættir framkvæmdarinnar sem taldir séu geta valdið umhverfisáhrifum séu losun í andrúmsloft og úrgangsmýndun auk frárennslis, umferð, hávaði, áhrifa á gróður, fuglalíf, landslag og sjónræn áhrif. Færð eru rök fyrir því að umhverfisáhrif þessara þátta verði í lágmarki og neikvæð áhrif geti ekki talist veruleg.

ÁLIT UMSAGNARADILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARADILA

Almennt. Fornleifavernd ríkisins, Hafrannsóknarstofnunin, Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra, Mannvirkjastofnun, Umhverfisstofnun og Vinnueftirlit ríkisins telja ekki líkur á að framkvæmdin muni hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Norðurland tekur ekki afstöðu til matsskyldu framkvæmdarinnar.

Áhrif á núverandi landnotkun. Sveitarstjórn Norðurlands bendir á að framkvæmdin muni hafa neikvæð áhrif á gróðurfar, fuglalíf og fornleifar innan lóðarinnar en fyrir liggja aðalskipulag sem geri ráð fyrir iðnaðarstarfsemi á svæðinu. Ekki sé að vænta verulegs hávaða vegna starfseminnar.

Áhrif á vistkerfi sjávar. Hafrannsóknarstofnunin bendir á að gera þurfi mun nákvæmari grein fyrir efnainnihaldi og mengunarefnum í salti, sem verði hráefni vinnslunnar og afdrifum þeirra í vinnslunni. Einkum þurfi að liggja fyrir skýrar upplýsingar um þungmálmmainnihald (Cd, Cu, Zn og Pb) hráefnisins og afdrif

Þungmálmannanna í verksmiðjuferlinu og þá sérstaklega hvort þeir losni af jónaskiptasúlum og skolist til sjávar. Bent er á að í vinnslunni verði notað umtalsvert magn af sterkum efnum (sýra, sóði og fleira) sem krefjast þess að sérstaklega vel sé hugað að því að þessi efni sleppi ekki út í umhverfið og þar á meðal til sjávar. Einnig sé rétt að minna á að öll þessi sterku efni verði flutt til Húsavíkur með skipum, sem eitt og sér feli í sér hættu á að þau geti sloppið út í umhverfið ef skipum hlekkist á. Þá sé einnig gert ráð fyrir flutningi þeirra með bílum frá Húsavíkurhöfn að verksmiðjusvæði sem feli í sér hættu á umhverfisslysi vegna umferðaróhappa.

Umhverfisstofnun bendir á að gert sé ráð fyrir að um 3 m³/klst af frárennsli sem innihaldi natríumklórat sé losað í sjó en ekki komi fram hvort og þá hvaða áhrif það kunni að hafa á lífríki í sjávar. Þá komi ekki fram með skýrum hætti hvort einhver hætta sé á því að natríumdíkrómat eða aðrir þungmálmar sleppi út í einhverju snefilmagni. Einnig vakni spurningar um mögulegar afleiðingar óhapps við flutning natríumdíkrómats til verksmiðjunnar. Stofnunin telur að gera þurfi áhættumat og viðbragðsáætlun þar sem fram komi hverjar væru t.d. afleiðingar þess ef eitthvert magn efna sem unnið verði með í verksmiðjunni, svo sem natríumdíkrómat, slyppi út í umhverfið t.d. vegna óhapps við flutninga.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að salt sé megin hráefni natríumklórat framleiðslunnar. Fyrir 60.000 tonna árlega framleiðslu þurfi að flytja til landsins um 32.000 tonn af salti. Magn þungmálma (aðallega Al, Ca, Fe, Mg, P, Si, Zn og 0,1% af Cr₃) í saltinu sé áætlað um 0,1 ppm eða um það bil 3 kg árlega. Meirihluti þungmálmannanna endi í föstum úrgangi úr síum frá rafgreiningarferlinu. Þessi úrgangur verði sendur til viðurkenndra förgunaraðila. Leitað verði til íslenskra aðila, sé sú þjónusta í boði, en annars sé gert ráð fyrir að úrgangurinn verði sendur til Finnlands líkt og lýst sé í greinargerð framkvæmdaraðila. Losun þungmálma í sjó sé því hverfandi. Fram kemur að við starfsemi Kemira í hliðstæðum verksmiðjum hafi ekki komið upp vandamál varðandi losun hættulegra efna í umhverfið við flutninga. Kemira sé meðvitað um þessa áhættu og allt verklag miðist við að tryggja að ekki verði óhöpp við flutninga hættulegra efna. Allir flutningar fari fram samkvæmt stöðlum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO) og Evrópusamningi um millilandaflutninga á hættulegum farmi á vegum (ADR).

Áhrif á vistkerfi á landi. Umhverfisstofnun bendir á að upplýsingar vanti um umfang röskunar votlendis og áhrifa á fuglalíf. Stofnunin bendir einnig á að í útblæstri frá þurrkara og sekkjunarstöð verði natríumklórat og upplýsingar vanti um hugsanleg áhrif efnanna á lífríki og heilsu fólks. Óvissa sé samkvæmt framlögðum gögnum um magn natríumklórats sem fari út í umhverfið þegar bornar eru saman tölur á Bakka, 132 kg á ári og í skýrslu um samskonar verksmiðju á Grundartanga 5,1 tonn á ári. Upplýsingar vanti um mögulegan hæsta styrk klörgass í andrúmslofti utan verksmiðjulóðar og hvort og þá hvaða áhrif gasið komi til með að hafa á lífríki svæðisins.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að hreinsað útblástursloft frá þurrkun, pökkun og geymslu innihaldi natríumklórat í snefilmagni. Líkt og fram komi í greinargerð sé um að ræða losun að hámarki 30.000 m³/klst með mögulegan hámarksstyrk 20 mg NaClO₃/m³. Þegar vinnsla í verksmiðjunni hafi náð jafnvægi og sé orðin stöðug megi gera ráð fyrir að losun natríumklórats frá verksmiðjunni verði minna en 2,2 g/tonn NaClO₃ (skv. BAT skal losun vera undir 10 g/tonn). Natríumklóratverksmiðjur Kemira losi að meðaltali 2,2 g/tonn NaClO₃. Ekki sé um að ræða samfellda losun natríumklórats í andrúmsloft og vatnsviðtaka. Í losunarskýrslu natríumklóratverksmiðju Kemira í Äetsä í Finnlandi fyrir árið 2010 sé

tilkynnt um fjögur tilvik þar sem natríumklórat hafi verið losað í andrúmsloft. Í heildina hafi losun natríumklórats í andrúmsloft árið 2010 frá verksmiðjunni í Äetsä verið 260,2 kg, en verksmiðjan framleiðir árlega 115.705 tonn af NaClO_3 . Meðallosun natríumklórats hafi því verið 2,25 g/tonn NaClO_3 árið 2010. Hins vegar verði að taka fram að verksmiðjan í Äetsä og fyrirhuguð verksmiðja Kemira á Bakka byggi ekki á nákvæmlega sama framleiðsluferlinu. Ef litið sé til þessara útblástursgagna og reynslu Kemira megi gera ráð fyrir að fyrirhuguð verksmiðja á Bakka muni losa um það bil 132 kg NaClO_3 árlega. Við gangsetningu verksmiðjunnar (þ.e. fyrsta starfsár hennar) ætti losun að vera undir 500 kg/ári (8,3 g/tonn $\text{NaClO}_3 < 10$ g/tonn NaClO_3 samkvæmt BAT) þar til jafnvægi í vinnslu sé náð. Losun í andrúmsloft sé því óveruleg. Ekki hafi verið gerð krafa um þynningarsvæði í starfandi natríumklóratverksmiðjum Kemira, hvorki fyrir losun í andrúmsloft né fráveitu. Í verksmiðju Kemira í Finnlandi vaxi skógur í um 20 – 30 metra fjarlægð frá verksmiðjunni án þess að nokkrar skemmdir séu merkjanlegar á gróðrinum. Enn fremur sé hreinsað frárennsli í öðrum natríumklóratverksmiðjum Kemira losað í ár eða vötn ásamt notuðu kælivatni. Efnið natríumklórat sé hættulegt við inntöku og geti ert augu, öndunarfæri sem og húð. Natríumklórat sé eitrað vatnalífverum og geti haft skaðleg áhrif á vatnavistkerfi til lengri tíma. Hvað varðar eiturefnaslys (vegna natríumdíkrómats eða þungmálma) í verksmiðjunni er bent á að öll geymslusvæði sem og verksmiðjan sjálf verði umlukin öryggisgryfjum.

Meðferð hættulegra efna. Mannvirkjastofnun bendir á að slökkvilið sveitarfélagsins þurfi að vera vel upplýst um efni og magn þeirra, sem notuð verði og geymd á umráðasvæði fyrirtækisins og áhrif þess á slökkvistarf á svæðinu og er bent sérstaklega á ákvæði í 22. gr. laga um brunavarnir. Fyrirhuguð starfsemi kalli á að slökkviliðið hafi yfir að ráða sérstökum búnaði og þjálfun til að fást við þau hættulegu efni sem verða notuð og framleidd í verksmiðjunni en slíkur búnaður sé alla jafna ekki notaður í starfi slökkviliða sveitarfélaga og er almennt ekki í þeirra eigu. Ljóst sé að gera þurfi vandaða brunahönnun með tilheyrandi áhættugreiningu af verksmiðjunni sem taki á þessum þáttum. Bent er á að slíkt verði skilyrt í leyfum fyrir verksmiðjunni, rekstri hennar og öllum flutningum til og frá henni.

Vinnueftirlitið bendir á að í reglugerð nr. 160/2007 um varnir gegn hættu á stórslysum af völdum hættulegra efna eru tilgreind mörk fyrir magn efna með tilliti til þess hvort þau falli undir ákvæði reglugerðarinnar um áætlun um stórslysavarnir og öryggisstjórnunarkerfi eða aðeins öryggisskýrslu. Bent er á að ekki komi fram í skýrslu Eflu hvað áætlað sé að geymt verði í einu mikið magn af natríumklórati, vetni og natríumdíkrómati á svæðinu. Reikna megi með að magn natríumklórats og vetnis kalli á áætlun um stórslysavarnir og öryggisstjórnunarkerfi en ekki natríumdíkrómats miðað við að áætlaða notkun. Bent er á að fyrirtækinu beri að sækja um starfsleyfi til Vinnueftirlitsins skv. 95. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Í frekari umsögn Hafrannsóknarstofnunarinnar kemur fram að stofnunin telji að vinna þurfi áhættugreiningu vegna flutnings og geymslu hættulegra efna sem flutt verði að og frá verksmiðjunni líkt og fyrirhugað sé vegna sambærilegrar verksmiðju á Grundartanga.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að að sambærilegt áhættumat verði unnið fyrir staðsetninguna á Bakka og ætlað sé að gera fyrir Grundartanga.

Áhrif á loftgæði. Umhverfisstofnun bendir á að iðnaðarsvæðið sé nálægt byggðinni á Húsavík og örlítið klórgas sé stöðugt til staðar í útblæstri og geti tífoldast við truflanir

í rekstri verksmiðjunnar. Upplýsingar vanti um mögulegan hæsta styrk klórgass í andrúmslofti utan verksmiðjulóðar og hvort og þá hvaða áhrif gasið komi til með að hafa á heilsu fólks. Bent er á að umfjöllun vanti um hvort og þá hvaða áhrif aukið svifryk og hávaði frá umferð á framkvæmda- og rekstrartíma muni hafa í för með sér.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að losun klórgass megi rekja til hliðarafurðarinnar, vetnis. Ef vetnið sé losað í andrúmsloft verði styrkur klórgass < 2 ppm (samfelld losun við eðlilegar aðstæður) með hugsanlega hámarkslosun 10 ppm ef truflun verði á búnaði. Raunlosun klórgass frá starfandi verksmiðjum sé < 0,5 ppm. Styrkur upp á 0,5 ppm valdi losun klórgass upp á 20 Nm³/ári fyrir 60.000 tonna verksmiðju, eða um 60 kg Cl₂/ári. Í tilfalli fyrirhugaðrar natríumklóratverksmiðju á Bakka sé ekki gert ráð fyrir að vetni verði losað í andrúmsloft frá verksmiðjunni heldur selt sem hráefni í aðra framleiðsluferla. Í tilfalli Bakka sé því gert ráð fyrir að vetni verði ekki losað í andrúmsloft og því megi áætla að losun klórgass frá verksmiðjunni verði hverfandi og þar af leiðandi umhverfisáhrif af völdum þess.

Áhrif á menningarminjar. Fornleifavernd ríkisins bendir á að búið sé að skrá fornleifar á iðnaðarsvæðinu en dreifing þeirra sé mjög mismunandi innan þess og þurfi að ráðst í mjög umfangsmiklar rannsóknir verði verksmiðjunni valinn staður nærri bæjarhólum eða meintum kirkjugarði. Því þurfi að velja lóð fyrir verksmiðjuna þannig að bygging hennar hafi sem minnst áhrif á fornleifar og kynna staðsetningu lóðarinnar fyrir Fornleifavernd ríkisins sem þá mun ákveða til hvað mótvægisáðgerða beri að grípa til vegna framkvæmdarinnar.

Áhrif á landslag. Umhverfisstofnun telur að byggingar verksmiðjunnar muni hafa sjónræn áhrif í næsta nágrenni og því mikilvægt að hún falli sem best að umhverfinu.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða byggingu 60.000 tonna natríumklóratverksmiðju Kemira, á fyrirhuguðu iðnaðarsvæði á Bakka við Húsavík. Verksmiðjan mun einnig framleiða 3.300 tonn af vetni sem hliðarafurð. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 6 a í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Fram hefur komið að fyrirhuguð framleiðsla á natríumklórati og vetni í verksmiðju á Bakka við Húsavík í Norðurþingi felur í sér geymslu og notkun hættulegra efna. Eins og starfseminni hefur verið lýst í gögnum framkvæmdaraðila miðar stærstur hluti starfseminnar á meðhöndlun í lokuðu kerfi og hringrásarvinnslu. Hættulegasti úrgangurinn, síukaka frá rafgreiningu, verður fluttur úr landi til meðhöndlunar. Óvirkur úrgangur, síukaka frá salthreinsun, verður fluttur til endurnotkunar eða urðunar. Fyrirhuguð verksmiðja er ráðgerð á svæði sem ekki telst viðkvæmt á grundvelli 3. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Jafnframt eru eðli og eiginleikar starfseminnar þess efnis að ekki eru líkur á verulegum neikvæðum áhrifum af hennar völdum. Skipulagsstofnun telur að áhrif á að áhrif af reglubundinni starfsemi natríumklóratverksmiðju á Bakka við Húsavík séu ekki líkleg til að verða umtalsverð en til að tryggja að svo megi vera þarf að útfæra skilyrði rekstrarins nánar í starfsleyfi sem Umhverfisstofnun gefur út. Skipulagsstofnun minnir á að þó svo að eftirlitsaðilar og leyfisveitendur beri ríka ábyrgð á því að framfylgja lögum og reglum á sínu sérsviði til að lágmarka neikvæð áhrif starfseminnar þá er það fyrst og fremst komið undir framgöngu framkvæmdaraðila að vel takist um áhrif rekstrarins á umhverfið.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Eflu f.h. Kemira við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð Eflu vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að natriumklóratverksmiðja Kemira á Bakka við Húsavík sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun bendir á að þó svo að nú liggi fyrir ákvörðun stofnunarinnar um matsskyldu þá sé framundan umfangsmikið samráð og undirbúningur áður en unnt er að hefjast handa við að reisa natriumklóratverksmiðju. Í því sambandi bendir Skipulagsstofnun á að fyrirtækið þarf að hafa samráð við Vinnueftirlit ríkisins og Mannvirkjastofnun og fá úr því skorið hvort starfsemin falli undir reglugerð nr. 160/2007 um varnir gegn hættu á stórslysum af völdum hættulegra efna. En í reglugerðinni eru tilgreind mörk fyrir magn efna með tilliti til þess hvort þau falli undir ákvæði um áætlun um stórslysavarnir og öryggisstjórnunarkerfi eða aðeins öryggisskýrslu. Að sama skapi telur Skipulagsstofnun brýnt að fyrirtækið hafi samráð við slökkvilið svæðisins og gangi úr skugga um að séð verði til þess að fullnægjandi slökkvibúnaður sé til staðar. Þess utan þarf að taka mið af brunahönnun með áhættugreiningu líkt og fram kemur í umsögn Mannvirkjastofnunar.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Norðurþings skv. 13. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 123/2010 m.s.b. og starfsleyfi Umhverfisstofnunar skv. reglugerð um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun nr. 785/1999. Áður en framkvæmdaleyfi er veitt þarf að liggja fyrir samþykkt deiliskipulag fyrir svæðið. Deiliskipulagið er háð lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Kemira og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 24. október 2011.

Rut Kristinsdóttir

Sigurður Ásbjörnsson